

From: Páll Bragason <pallbraga@gmail.com>
Sent: föstudagur, 17. júlí 2020 14:44
To: Gunnar Einarsson <gunnar@gardabaer.is>
Subject: lausaganga katta í Garðabæ

Heill og sæll Gunnar bæjarstjóri!

Skrifa þér til að vekja máls á lausagöngu katta í bænum.

Þannig háttar til, að lausaganga katta virðist vera heimil í Garðabæ, en samkvæmt fjöleignahúsalögum er lausaganga katta (og hunda) alfarið óheimil í sameiginlegum rýmum fjöleignahúsa og á lóðum þeirra. Fjöleignahúsum í bænum fjölgar ört, og þetta tvískipta fyrirkomulag getur valdið verulegum árekstrum í slíkum húsum, og er slíkt dæmi einmitt í gangi, þar sem við hjónin eigum íbúð.

Heilbrigðiseftirlit bæjarins virðist veita þau almennu svör, að lausaganga katta sé heimil í bænum, og virðist eftirlitið ekki telja það vera í verkahring sínum að skipta sér af lausagöngu katta í fjöleignahúsum, þótt bönnuð sé skv. lögum. Kattareigendur gefa manni því langt nef, þegar fundið er að því, að kettir þeirra séu að flækjast lausir um stigaganga, og valda ofnæmissjúkum og dýrahæddum íbúum ama og ótta. Læt fylgja með í viðhengi þér til fróðleiks samskipti á innri fésbókarsíðu húsfélagsins.

Erindið er sem sagt það, að bæjaryfirvöld í Garðabæ taki lausagöngu katta í bænum til umfjöllunnar með það að markmiði, að lögum um dýrahald í fjöleignahúsum fái framfylgt með skikkanlegum hætti.

Með bestu kveðju og von um skynsamlega úrlausn,

Páll Bragason